



Kjarninn er félagsmiðstöð barna- og unglunga í Kópavogsskóla (mið- og unglingastigs, 10 - 16 ára). Kjarninn heyrir undir Frístundadeild Kópavogsbæjar, ásamt átta öðrum félagsmiðstöðvum, ungmennahúsi, frístunda-klúbbnum Hrafninn og félagsstarfi eldri borgara.

Félagsmiðstöðin Kjarninn fór af stað með ákveðið átak á haustmánuðum með það í huga að skerpa á ákveðnum öryggisþáttum með aukinni umræðu og upplýsingum. Átakið er fyrst og fremst hugsað til að auka upplýsingar og meðvitund um öryggismál hjá börnum og unglingum en um leið að starfsfólk og forráðamenn eigi samtal hvernig best sé að standa að málum.

Einn liðurinn í áttakinu var að fara yfir þætti er snúa að því að vera hnetulaus félagsmiðstöð í hnetulausum skóla. Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar hafa í því viðmiði rætt við forráðamenn og unglunga um þennan öryggisþátt og helstu leiðir og aðferðir honum tengdum. Í samtalinu hafa komið upp góðar ábendingar, hugmyndir og tillögur sem stefnan er að ræða frekar, þróa og innleiða inn í starfseminu.

Það sem þegar hefur verið gert er að ræða öryggismál á nemendaráðsfundum og fara yfir ákveðin viðmið og gildi. Rætt var, hvað það þýðir að vera hnetulaus félagsmiðstöð og að hverju þarf að gæta. Tengt viðburðum og umgengni, hafa starfsmenn haldið öryggisþáttum á

lofti og verið til skrafs og ráðagerða fyrir skjólstæðingana þegar að öryggismálum kemur. Í samstarfi við Astma- og onæmisfélag Íslands er síðan stefnan að hengja upp auglýsingar til að minna á og halda á lofti að félagsmiðstöðin sé hnetulaus staður.

Það er mikilvægt að allir sem að starfseminni koma, séu meðvitaðir og upplýstir um öryggismál og gæti að öryggi sínu og náungans í hvívetna. Í því viðmiði var áhersla lögð á mikilvægi þess að allir standi saman að öruggu félagsmiðstöðvarumhverfi til að öllum líði vel í því og njóti sín sem best í öruggu umhverfi.

Höfundur: Halldór Hlökkversson,
Forstöðumaður í félagsmiðstöð

nettó

Lyfjaval

mg